

Ályktun frá ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða á Íslandi,
24.-26. september 2014 í Vestmannaeyjum.

Krafa um endurskoðun á framlagi til héraðsskjalasafna á fjárlögum 2015

Ný lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 sem samþykkt voru á Alþingi 16. maí sl. skilgreina héraðsskjalasöfn formlega sem sjálfstæð opinber skjalasöfn á Íslandi. Fram kemur í 9. gr. lagannna að þau eiga að „njóta styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem er ákveðið í fjárlögum hverju sinni“. Með lögunum eru auknar skyldur og verkefni lögð á héraðsskjalasöfnin sem þeim er ætlað að sinna.

Framlag ríkissjóðs var á árabiliðu frá 1997 til og með ársins 2009 að meðaltali 24 milljónir króna til tuttugu héraðsskjalasafna en það samsvarar á föstu verðlagi rúnum 46 milljónum króna í dag. Árið 2010 lækkaði framlag til þeirra um 50% og hefur sú lækkun ekki gengið til baka þrátt fyrir ítrekaðar óskir og beiðnir þar um. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 er lagt til að framlag til héraðsskjalasafna verði 11,3 milljónir króna á árinu 2015 sem skiptist milli þessara tuttugu safna.

Fjárveitingar ríkisins í formi árlegra styrkja til héraðsskjalasafna eru mjög óverulegar og nánast rétt til málamynda miðað við þær stjórnsýsluskyldur sem þeim er ætlað að annast, sem hluti af opinberum skjalavörslustofnunum landsins. Stjórnvöld auka stöðugt kröfur til afhendingarskyldra aðila og þar með til héraðsskjalasafna, nú síðast með ítarlegum reglum frá árinu 2010 og nýjum lögum nr. 77/2014, en á sama tíma lækka fjárfamlögini. Til að mynda greiðir ríkissjóður nú 0,6% af kostnaði við Borgarskjalasafn Reykjavíkur en borgarsjóður 99,4%. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015 er áætlað að Borgarskjalasafn fái kr. 57.172 á mánuði frá ríkissjóði sem svarar til 47 aura á hvern íbúa Reykjavíkur.

Verulega skortir á að héraðsskjalasöfn fái nauðsynleg og eðlileg fjárfamlög frá ríkinu til að sinna lögbundnum stjórnsýsluskyldum sínum, m.a. vegna eftirlits og ráðgjafar, auk þess að samþykkja málalykla, skjalavistunaráætlunar og skjalageymslur. Ljóst er að auka þarf verulega framlag ríkissjóðs til héraðsskjalasafna vegna þeirra verkefna og krafna sem löggjafinn hefur lagt á héraðsskjalasöfnin og sveitarfélögin. Það er vilji og stefna löggjafans að fullburða og faglega rekin héraðsskjalasöfn starfi um land allt. Því er það eðlilegt að ríkissjóður styrki héruð og kaupstaði til að svo megi vera.

Á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða á Íslandi sem haldin var í Eldheimum í Vestmannaeyjum dagana 24.-26. september 2014 var samþykkt að fara fram á að framlag ríkissjóðs til héraðsskjalasafna á árinu 2015 verði endurskoðað, enda er það yfirlýst stefna Alþingis með lögum allt frá árinu 1946 að tryggja að fullburða og vel rekin héraðsskjalasöfn starfi um land allt. Því er brýnt að Alþingi auki framlög til héraðsskjalasafnanna í ljósi hinna nýju laga um opinber skjalasöfn sem samþykkt voru nú í vor.

Vestmannaeyjum, 26. september 2014

Ívarliðar Borgadóttir, borgarhj.v. Hafnsmiðjarmásson héradstj.v. Kipangs
þorsteinsfjallar. Mjóssau, Héruðsskjalasafn. Árvalsstjóri Jóhanna Skulad. Héraðsskjalasafn
þeirrar fylgjastofnunar. Héraðsskjalasafn Vestm. Sænileið Sigurðardóttir, Borgarfjörður
Erla Ólafsdóttir, Héraðstj.v. Mosfellsbæjar. Þórborg Úlla Þóð. Héraðsskjalasafn
Gudm. Þorsteinsson. Þjóðala- og myndlistarsafn Þorða. Skugfirðing
Bára Stefánsdóttir Héraðsskjalasafn. Austháringar. Ólafur G. Úlfagunnar
Mániður Þórhús Þórhús Þórhús - - - - - Héraðsskjalasafn. Rang og VSKF
Laufey Eiríksdóttir Héraðsskjalasafn. Svarfðola
Hóalbjörn Sigmarsdóllir Héraðsskjalasafn Tá Akureyri
Hertur Jóhanna Jóhannsdóttir, Héraðsskjalasafn Akureyri